

Singh gegn Tékklandi

Dómur frá 25. janúar 2005

Mál nr. 60538/00

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Útlendingar. Varðhald. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur, Balbir Singh og Bakhshisch Singh, eru indverskir ríkisborgarar, fæddir 1955 og 1956. Í nóvember 1996 voru kærendur handteknir í Tékklandi, þar sem þeir höfðu löglega búsetu, og voru þeir ákærðir fyrir að aðstoða aðra við að fara ólöglega yfir landamæri Tékklands. Þann 9. apríl 1998 dæmdi undirrættur í Prag kærendur í 21 mánaðar fangelsi og var þeim jafnframt vísað úr landi um óákveðinn tíma.

Eftir að kærendur höfðu afplánað fangelsisvist voru þeir settir í varðhald 11. ágúst 1998 þar til brottvísun úr landi yrði viðkomandi. Því var haldið fram að brottvísun væri óframkvæmanleg þar sem kærendur höfðu ekki vegabréf. Kærendum var sleppt úr haldi 11. febrúar 2001 og voru þeim fengin ferðaskjöl sem gerðu þeim kleift að yfirgefa Tékkland.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kært var fyrir brot á f-lið 1. mgr. og 4. mgr. 5. gr. MSE. Töldu kærendur að varðhald þeirra eftir afpláun hefði verið ólöglegt og ekki í samræmi við kröfur um meðalhóf, sérstaklega með tilliti til lengdar þess. Þá héldu þeir því einnig fram að tékkneskir dómstólar hefðu ekki gætt að málshraða við meðferð mála þeirra um lausn úr varðhaldinu.

Niðurstaða

Kærendur voru í haldi tékkneskra stjórnvalda í tvö og hálf ár meðan þeir biðu brottvísunar. Málsmeðferðin einkenndist af tímaskeiðum þar sem ekkert var unnið að málum þeirra. Taldi dómstóllinn að tékknesk stjórnvöld hefðu átt að sýna meiri aðgát við meðferð mála kærenda, sérstaklega eftir að indverska sendiráðið lýsti yfir andstöðu sinni við að gefa út vegabréf fyrir þá í apríl 1999. Var óljóst hvers vegna tékkneska lögreglan hafði ekki hlutast til um að kærendum yrðu útveguð ferðaskjöl í samræmi við ákvæði laga um útlendinga, áður en þeim var veitt lausn þann 11. febrúar 2001.

Fram kom að samkvæmt tékkneskum lögum var aðeins unnt að framlengja varðhald lengur en tvö ár ef rökstudd ástæða væri til að ætla að lausn manns myndi torvelda meðferð málsins. Á máli því sem til umfjöllunar var hér höfðu hvorki orðið efnisbreytingar á meðan á varðhaldinu stóð né komið fram er það var tekið fyrir hjá dómstólum. Taldi dómstóllinn að kærendur hefðu verið sakfelldir fyrir brot sem ekki var sérstaklega alvarlegt. Þá var gerð athugasemd við það að lengd varðhalds kærenda fór fram úr lengd fangelsisvistar þeirrar sem kærendur voru dæmdir til að afplána vegna brotanna.

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi tékknesk stjórnvöld ekki hafa sýnt viðeigandi aðgát við meðferð mála kærenda og að lengd varðhalds þeirra hefði ekki verið hófleg. Var það einróma niðurstaða dómsins að brotið hefði verið gegn f-lið 1. mgr. 5. gr. MSE.

Um 4. mgr. 5. gr.: Hvað snerti kærur aðila til æðri dóms vegna varðhaldsins og kröfur um lausn kom fram að málsmeðferð vegna fyrstu kærunnar stóð í nær þrjá mánuði á tveimur dómstigum, og þar að auki tók það annan mánuð að birta aðilum niðurstöðu úrskurðar, sem leiddi óhjákvæmilega til óvissu um möguleika á nýrri kæru. Meðferð seinni kæru stóð í nær átta mánuði.

Með tilliti til fordæma á þessu sviði taldi Mannréttindadómstóllinn að slík lengd á meðferð máls fullnægði ekki þeim kröfum um málshraða sem fram koma í 4. mgr. 5. gr. sáttmálans og komst því að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn ákvæðinu.

Samkvæmt 41. gr. voru kærendum dæmdar 5.000 evrur í miskabætur hvorum og 3.000 evrur sameiginlega vegna kostnaðar og útgjalda.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)